

**386. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. desember 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00.**

**Mætt:**

Björn H Hilmarsson  
 Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Eiríkur Rúnar Böðvarsson í fjarveru AK  
 Jóhanna Jóhannesdóttir í fjarveru JBJ  
 Michael Gluszuk  
 Margrét Sif Sævars dóttir  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

**1) Almyrkvi á sólu 2026**

Sævar Helgi Bragason mætti á fundinn í gegnum Teams og rætt var um almyrkva á sólu sem sjást mun einna best í heiminum frá Hellissandi 12. ágúst 2026.  
 Atburðurinn mun án efa verða mjög stór á þessu svæði og samþykkti bæjarstjórn að skipa fulltrúa í undirbúningsnefnd með öðrum hagsmunaaðilum.

**2) Fundargerð 354. fundar bæjarráðs, dags. 3. desember 2024.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**3) Fundargerðir 9. og 10. fundar velferðarnefndar, dags. 16. maí og 14. nóvember 2024.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**4) Fundargerð 188. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. nóvember 2024.**

Varðandi lið 2, samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi bókun samhljóða:

„Bæjarstjórn Snæfellsbæjar fer fram á að ekki verði lokað fyrir aðgengi/notkun að nánum sem sveitarfélagið hefur nýtt á Malarrifi.“

Bæjarstjórn samþykkti fundargerðina samhljóða með framkominni athugasemd.

**5) Fundargerð 191. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 16. september 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**6) Fundargerð 183. fundar stjórnar SSV, dags. 28. ágúst 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**7) Fundargerð 184. fundar stjórnar SSV, dags. 15. október 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**8) Fundargerð ársfundar SSKS, dags. 9. október 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**9) Fundargerð 77. fundar stjórnar SSKS, dags. 13. nóvember 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**10) Fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. nóvember 2024.**

Lagt fram til kynningar.

**11) Fundargerð 956. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. nóvember 2024.**

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MS', 'BB', 'J', 'BH', 'MM', 'XG', and 'FS'.

- 12) Fundargerð 957. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. nóvember 2024.  
Lagt fram til kynningar.
- 13) Fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 11. nóvember 2024.  
Lagt fram til kynningar.
- 14) Bréf frá Eyrbyggjasögufélaginu, dags. 26. nóvember 2024, varðandi styrk vegna verkefnisins „Eyrbyggjusaga myndrefill“.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að styrkja verkefnið um kr. 200.000.-
- 15) Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 29. nóvember 2024, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna jólaballs þann 29. desember 2024.  
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða, enda fellur það undir reglur bæjarstjórnar um niðurfellingu á leigu í félagsheimilum bæjarins.
- 16) Bréf frá Kára Viðarssyni, dags. 3. desember 2024, varðandi gjöf til Rastarinna.  
Bæjarstjórn þiggur þessa höfðinglegu gjöf með þökkum með þeim kvöðum sem henni fylgir.
- 17) Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2024, varðandi afslátt gatnagerðargjálda.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að framlengja afslátt gatnagerðargjálda til 31/12 2025.
- 18) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2025.  
Eftirfarandi gjaldskrár voru lagðar fram til samþykktar:
- a) Álagningaprósenta útsvars í Snæfellsbæ  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að álagningaprósenta útsvars árið 2025 verði 14,97%, eða sú sama og árið 2024.
  - b) Gjaldskrá fasteignagjálda  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - c) Gjaldskrá leikskólagjálda  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - d) Gjaldskrá leikskólasel við Lýsuholsskóla  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - e) Gjaldskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - f) Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - g) Gjaldskrá sundlaugar og íþróttahús Snæfellsbæjar í Ólafsvík  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - h) Gjaldskrá Lýsulauga  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - i) Gjaldskrá slökkviliðs Snæfellsbæjar  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - j) Gjaldskrá sorphirðugjálda  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - k) Gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

- I) **Gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - m) **Gjaldskrá byggingarleyfis- og gatnagerðargjalfa**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - n) **Gjaldskrá tjaldstæða Snæfellsbæjar**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
  - o) **Gjaldskrá félagsheimila í Snæfellsbæ; Lýsuhóll, Röst og Klif**  
Gjaldskrár félagsheimilanna samþykktar samhljóða.
  - p) **Gjaldskrá vatns- og fráveitu**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
- 19) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Seinni umræða.**  
Eftirfarandi var lagt fram til samþykktar:
- a) **Styrkveitingar á árinu 2025**  
Framlögð tillaga að styrkveitingum á árinu 2025 var samþykkt samhljóða.
  - b) **Framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar 2025**  
Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2025 var samþykkt samhljóða.
  - c) **Framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs 2025**  
Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs fyrir árið 2025 var samþykkt samhljóða.
  - d) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2025**  
Eftirfarandi bókun var lögð fram í umræðu um fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar árið 2025.

“Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur í sameiningu unnið að gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025. Samstarf bæjarstjórnar hefur verið gott í þessari vinnu og samstaða verið um breytingar á gjaldskrám, styrkveitingar og framkvæmdaliði fyrir árið 2025.

Verðbólga ársins 2024 fór örlitið lækkandi, því telur bæjarstjórn að ákveðnar gjaldskrárhækkanir séu samt sem áður nauðsynlegar til að vinna upp hluta af verðbólgu síðustu ára þó ekki sé það gert að fullu. Munu gjaldskrár Snæfellsbæjar því ekki hækka nema um 3-7% á árinu 2025.

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2024 varðandi sorpmál í Snæfellsbæ og tekur gjaldskrá sorphirðu- og sorpeydingargjalfa mið af því. Kostnaður vegna sorpmála í Snæfellsbæ hækkaði vegna krafna um aukna flokkun heim við hús. Lög og reglugerðir gera ráð fyrir því að allur kostnaður vegna sorpmála falli á notanda og því þurfti bæjarstjórn að hækka gjaldskrá vegna sorpmála tölувvert á árinu 2024. Nú er komin reynsla á nýtt kerfi og ljóst að ekki þarf að hækka sorpgjaldskrá nema um 3,5% til að mæta auknum kostnaði sem er undir verðlagsþróun sem er ánægjulegt.

Gjaldskrá fasteignagjalda tekur engum breytingum milli ára. Breytingar voru gerðar á álagningarársentu vatns og holrasa í gjaldskrá fyrir árið 2023 og halda þær breytingar sér á árinu 2025. Sú breyting var samt sem áður gerð á gjaldskrá fasteignagjalda að árið 2024 var gjalddögum fjölgæð úr 8 í 10 og verða jafn margir á árinu 2025 frá 1. febrúar til 1. nóvember.

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu ársins. Afslátturinn er áfram tekutengdur og miðast við tekjuárið 2023, en 100% afsláttur hækkar úr 140.000.- í kr. 150.000.-.

Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt á milli ára eða 14,97%.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélagini og að henni verði hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagasamtaka á árinu 2025 verða um 55,9 milljónir.

Snæfellsbær mun áfram bjóða upp á frístundastyrk til tómstundastarfs ungmenna og á árinu 2025 mun sá styrkur hækka úr kr. 33.000.- á barn í kr. 35.000.-, og fylgir hann launavísitölu.

Svigrúm til framkvæmda er ágætt. Áfram er gert er ráð fyrir því að stór hluti framkvæmda ársins 2025 verði í viðhaldsframkvæmdum á húsnæði bæjarins, en jafnframt er gert ráð fyrir framkvæmdum í gatnakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við endurbætur á Vallholtinu í Ólafsvík og Naustabúð á Hellissandi, jafnframt því að farið verður í malbikunarframkvæmdir. Samtals er gert ráð fyrir tæpum 110 milljónum í viðhalds- og framkvæmdaverkefni á stofnunum bæjarins, þar sem stærstu einstöku verkefnin verða viðgerðir á þaki ráðhússins á Hellissandi og viðgerðum á Röstinni, ásamt öðrum smærri viðhalds- og framkvæmdarverkefnum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2025 verða hins vegar gatnaframkvæmdir.

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði rúmar 690,5 milljónir króna, þar af um 372 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og rúmar 318,5 milljónir hjá Hafnarsjóði.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er ágæt. Ekki hefur verið þörf á lántöku á undanförnum árum og á árinu 2025 er ekki gert ráð fyrir nýjum lántökum, þrátt fyrir miklar fjárfestingar. Þetta þýdir að geta sveitarfélagsins til fjárfestinga eykst ár frá ári þar sem minna af fjármunum fer í afborganir af lánum og vexti sem er afar jákvætt.

Fjárhagsáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að skila rekstrarafgangi upp á rúmar 85 milljónir hjá A-hluta sjóðum, en um 154 milljónum hjá samanteknum A- og B-hluta sjóðum. Það þýðir að reksturinn gefur ákveðið svigrúm til fjárfestinga og því þarf ekki að fjármagna fjárfestingar ársins með lántöku. Skuldahlutfall Snæfellsbæjar í ársreikningi 2023 var 69% hjá A-hluta og 58,14% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta, en ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósantan niður í 47,83% hjá A-hluta og 37,05% fyrir samstæðuna. Þar sem engin lán voru tekin á árinu 2024 er gert ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar verði enn lægra í árslok 2024 og jafnframt er gert ráð fyrir að það lækki enn frekar á árinu 2025 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku. Rétt er að taka fram að skv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfall sveitarfélaga ekki fara yfir 150% og telst því Snæfellsbær mjög vel statt sveitarfélag.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2025 eins og á undanförnum árum, eða um 318,5 milljónir króna. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel stæður og skuldar engin langtímalán. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum hjá Hafnarsjóði á árinu 2025.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum. Langtímakjarasamningar hafa verið gerðir við mörg starfsmannafélög á árinu 2024, en ljóst er þó að kjarasamningar við grunnskóla- og leikskólakennara eru lausir, sem gerir það að verkum að rennt er blint í sjóinn með áætlun þeirra launa fyrir árið 2025. Rekstur stofnana hefur gengið mjög vel á árinu 2024 og er að miklu leyti því að þakka hversu gott samstarf hefur verið við forstöðumenn og starfsfólk Snæfellsbæjar.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar treystir á að samstarfið verði áfram farsælt, því einungis þannig verður hægt að ná fram góðum rekstri og veita góða þjónustu hjá sveitarfélagini.

Björn H Hilmarsson  
 Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson  
 Jóhanna Jóhannesdóttir  
 Michael Gluszuk  
 Margrét Sif Sævars dóttir  
 Friða Sveinsdóttir“

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða framlagða fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2025.

- 20) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028. Seinni umræða.**  
 Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028 var lögð fram og samþykkt samhljóða.
- 21) Minnispunktar bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
  - Bæjarstjóri sagðir frá því að ERRÓ myndirnar eru komnar suður í innrömmun.
  - Bæjarstjóri sagðir frá fundi sem hann átti með Vegagerðinni ásamt sveitarstjórum á Vesturlandi þar sem rætt var um vetrarþjónustuna.
  - Bæjarstjóri sagði frá rútuslysi sem varð á Fróðárheiði um síðustu helgi.
  - Bæjarstjórn ræddi málefni tjaldstæðanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:59



Björn H. Hilmarsson



Júníana Björg Óttarsdóttir




Michael Gluszuk




Eiríkur Böðvar Rúnarsson



Magrét Sif Sævarsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari